



Lestrarmenning í Holtaskóla



Efnisyfirlit

Lesfimi	4
Heimalestur	4
-Yngsta stig	5
-Miðstig	5
-Unglingastig	5
Lestrarömmur	6
Bókasafn	6
Bókabéus	7
Upplestarkeppni í 4. og 7. bekk	8
Að læra að lesa - foreldranámskeið	9
Lestrargleði	9
Lestrarvinir	10
Nestislestur	10
Sumarlestur	10
Skimanir og próf	11

Lesfimi

Hljóðaaðferðin er meginaðferð lestrarkennslu í Holtaskóla. Aðferðin hentar vel til að kenna umskráningu sem er tæknileg hlið lestrar.

Lesskilningskennsla helst í hendur við lestrarkennslu og eykst smám saman eftir því sem lesfiminna fer fram. Fylgst er með framvindu lestrarnáms allra nemenda og er markmiðið að ná eins góðum árangri og hægt er. Án lestrarþjálfunar verður enginn læs og tekur hún mið af því hvar nemandinn er staddur hverju sinni. Áhersla er lögð á að nemendur lesi og vinni lestrartengd verkefni daglega.

Heimalestur

Foreldrum barna í Holtaskóla á að vera ljóst frá fyrstu stundu hversu mikilvæg eftirfylgni þeirra er við lestrarþjálfun barna sinna. Án hvatningar og aðkomu foreldra verða nemendur seint læsir. Lestrarþjálfun er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og milli þessara aðila þarf að ríkja traust og góð samvinna. Jákvætt viðhorf til lestrar og góðar lestrarfyrirmyndir stuðla að meiri ánægju og gleði við heimalesturinn.



Yngsta stig

Nemendur lesa upphátt í 15 mínútur fimm sinnum í viku fyrir foreldra/forráðamenn.

Heimalestrarbókum er raðað niður á bókalista eftir þyngdarstigi samkvæmt lista frá MMS. Foreldrar/forráðamenn og kennarar skrá lesturinn í lestrarforritið Læsir.

Í upphafi lestrarnáms lesa nemendur hverja blaðsíðu tvisvar til þrisvar sinnum yfir. Eftir því sem færni þeirra eykst og þeir ná betra flæði í lestrinum nægir þeim að lesa einu sinni hverja síðu. Þetta er alltaf ákveðið í samráði við kennara.

Miðstig

Heimalestur á miðstigi er með mismunandi hætti milli árganga. Í 5. – 7. bekk lesa nemendur heima fimm sinnum í viku í a.m.k. 15 mínútur og þurfa foreldrar/forráðamenn að skrá lesturinn í Læsi.

Í 7. bekk velja nemendur sér bók að lágmarki 100 blaðsíður úr ólíkum bókaflokkum. Í byrjun hvers mánaðar skila þeir lestrarskýrslu úr bókinni.



Unglingastig

Nemendur lesa heima fimm sinnum í viku og foreldrar/forráðamenn skrá heimalestur þeirra í Læsi.

Nemendur á unglingsstigi velja sér bók að lágmarki 100 blaðsíður úr ólíkum bókaflokkum. Í byrjun hvers mánaðar skila þeir lestrarskýrslu úr bókinni.

Lestrarömmur

Lestrarömmur hafa verið í Holtaskóla frá árinu 2008 og sinna lestrarþjálfun fyrir nemendur í 1. - 5. bekk.

Fyrirkomulagið er með þeim hætti að ömmurnar hitta nemendur í 15 mínútur, hlusta á þá lesa og veita endurgjöf á lesturinn. Skólaárinu er skipt í fjórar þjálfunarlotur og fjöldi þeirra fer eftir þörfum og aðstæðum hvers nemanda.



Bókasafn

Þegar nemendur hafa lokið við bókalista MMS fara þeir á bókasafn. Við hvetjum foreldra/forráðamenn að nýta sér bókasafn Reykjanesbæjar meðan á framkvæmdum í Holtaskóla stendur. Þar fá nemendur frítt bókasafnskort og aðstoð við að velja bækur við hæfi.

Bókabéus

Bókabéus er heiti yfir lestrarhest en einnig heiti yfir lestrarkeppni á mið- og unglíngastigi. Keppnin er í þremur liðum og er keppt í hraða-, vísbendinga- og valflokkasurningum.

Nemendur taka þátt með að lesa fjölbreyttar bækur sem eru af sértílgærðum bókalistum. Bekkirnir velja sér þriggja manna keppnislið. Keppendur mega þó leita til bekkjarins þrisvar sinnum og því mikilvægt að allir taki virkan þátt í undirbúningnum.

Markmið keppinnar er að kynna nemendum bæði ólíka höfundar og bókmenntir, auka orðaforða, efla lestraráhuga og bjóða upp á skemmtilegan vettvang sem gefur lestrarþjálfuninni tilgang.



Upplestrarkeppni í 4. og 7. bekk

Ár hvert er upplestrarkeppni haldin meðal nemenda í 4. og 7. bekk. Nemendur í 4. bekk taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni þar sem áhersla er lögð á góðan upplestur og vandaða framsögn. Keppnishugtakið felst í að keppa við sjálfan sig með bættum upplestri, að verða betri í dag en í gær.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk hefst formlega á Degi íslenskrar tungu þar sem markmiðið er að vekja athygli og áhuga nemenda á vönduðum upplestri og framburði á texta og ljóðum.

Nemendur 7. bekkjar taka þátt í keppni innan síns skóla þar sem tveir fulltrúar skólans eru valdir til þátttöku á lokahátíðinni.

Lokahátíðin er haldin í mars ár hvert við hátíðlega athöfn á milli allra skóla Reykjanesbæjar.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á

<http://upplestur.hafnarfjordur.is>



Að læra að lesa

Foreldranámskeið 1. bekkur

Á hverju hausti eru foreldrar/forráðamenn barna í 1. bekk hvattir til að sækja námskeiðið *Að læra að lesa*. Á námskeiðinu er farið yfir mikilvægi þess að foreldrar/forráðamenn séu virkir þátttakendur í lestrarþjálfun barna sinna og efla þá sem slíka. Farið er yfir hlutverk þeirra, ábyrgð og hvernig best er að bera sig að við lestrarþjálfun.

Lestrarnám er ávallt samvinnuverkefni heimila og skóla.

Lestrargleði

Á hverju skólaári er hefðbundið skólastaf brotið upp með margvíslegum hætti til að efla lestrargleði nemenda á öllum skólastigum.

Margar leiðir hafa verið farnar til að auka lestraráhuga nemenda og má þar nefna lestrarátök, lestrarbingó, kósýlestur, höfundaheimsóknir, upplestur, lestrarvini, bókaklúbba, Bókabéus, yndislestur o.s.frv.



Lestrarvinir

Lestrarvinaverkefnið tengir saman yngri og eldri nemendur sem hittast til að lesa saman og vinna verkefni sem tengjast viðburðum í skólanum. Einnig fer 4. bekkur í heimsókn í leikskóla í nágrenninu tvisvar yfir skólaárið og les fyrir leikskólabörnin.

Nestislestur

Nestislestur er fastur liður hjá nemendum í 1. - 7. bekk og fer fram í nestistíma nemenda. Nestislestur er notaleg og góð stund því. Við lestur kennarans lifnar frásögnin við og oftar en ekki fá nemendur áhuga á að lesa fleiri bækur um sömu sögupersónur eða eftir sama höfund.

Sumarlestur

Nemendur Holtaskóla eru hvattir til að taka þátt í sumarlestri Bókasafns Reykjanesbæjar til að viðhalda og auka lestrarfærni þeirra. Bókasafn Reykjanesbæjar hefur árlega efnt til sumarlesturs og kynnt þetta flotta verkefni í skólum bæjarins á vorin.

Skimanir og próf

Skimanir eru lagðar fyrir nemendur til að fá upplýsingar um stöðu þeirra og veita þeim þjónustu við hæfi. Í Holtaskóla skiptir máli að allir nemendur fái tækifæri til að ná eins góðum árangri og þeir hafa forsendur til. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun en með því er hægt að koma í veg fyrir námsörðugleika síðar á skólagöngunni.

Mjög mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur í íhlutuninni og gott samstarf sé milli heimila og skóla.

Bekkur	Skimun
1. bekkur	Stafakönnun, leið til læsis, lesferill, undirpróf lesferils fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum.
2. bekkur	Stafakönnun fyrir þá sem ekki hafa náð tókum á lestri, lesferill, undirpróf lesferils fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum.
3. bekkur	Lesferill, undirpróf lesferils fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum, Orðarún.
4. bekkur	Lesferill, undirpróf lesferils fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum, Orðarún.
5. bekkur	Lesferill, undirpróf lesferils fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum, Orðarún.
6. bekkur	Lesferill, undirpróf lesferils fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum, Orðarún, Logos.
7. bekkur	Lesferill, undirpróf lesferils fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum, Orðarún.
8. bekkur	Lesferill, undirpróf lesferils fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum, Orðarún, Logos.
9. bekkur	Lesferill, undirpróf lesferils fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum, Orðarún.
10. bekkur	Lesferill, undirpróf lesferils fyrir þá nemendur sem mælast undir viðmiðum.

